

A group of white flags with yellow logos and the text "VEGAGERÐIN" flying against a dark background. The flags are on thin poles and are slightly blurred, suggesting they are in motion. The background is dark and textured, possibly a field or a large structure.

Siðareglur Vegagerðarinnar

Útgefandi: Vegagerðin, júlí 2006

Hlutverk og markmið

Það er hlutverk Vegagerðarinnar að þróa og sjá um vegakerfið á sem hagkvæmastan hátt með þarfir samfélagsins, öryggi vegfarenda og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

Starfsmenn Vegagerðarinnar skulu vinna af heilindum að markmiðum stofnunarinnar sem eru:

*Greiðar samgöngur með góðri þjónustu.
Hagkvæm uppbygging og rekstur vegakerfisins.
Umferðaröryggi sé á við það sem best gerist.
Góð sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa.
Vel skipulögð og skilvirk starfsemi.
Ánægt, hæft og gott starfsfólk.*

Starfsmenn Vegagerðarinnar skulu hlíta lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Vegagerðin starfar eftir vegalögum en auk þess gildir fjöldi laga og reglugerða um starfsemina. Hver yfirmaður gerir starfsmönnum sínum grein fyrir þeim lögum og reglum sem þeir þurfa að þekkja.

Framferði starfsmanna í vinnu og utan hennar hefur áhrif á viðhorf samfélagsins til Vegagerðarinnar. Það endurspeglar siðmenningu stofnunarinnar í samanburði við almenn viðmið.

Ávallt skal viðhafa góða siði í framkomu gagnvart starfsfélögum og viðskiptavinum, í starfi og við ákvarðanatöku. Stjórnendum ber sérstaklega að hafa þetta hugfast þar sem framkoma þeirra hefur mikil áhrif á það siðgæði sem stofnunin sýnir.

Í þessum siðareglum eru í stuttu máli dregnir fram nokkrir mikilvægir þættir til stuðnings í daglegu starfi en þeir eru á engan hátt tæmandi upptalning.

Ákvarðanir og framkoma

Vegagerðin ber ábyrgð á miklum verðmætum. Starfsemi hennar hefur áhrif á daglegt líf fjölda fólks og efnahag margra fyrirtækja. Starfsmenn Vegagerðarinnar geta orðið fyrir beinum eða óbeinum utanaðkomandi þrýstingi þegar hagsmunir stofnunarinnar og viðskiptavina hennar fara ekki saman. Þess vegna er mikilvægt að afstaða starfsmanna og framkoma í allri málsmeðferð sé varkár, gagnrýnin og vönduð og að teknar séu ákvarðanir á faglegum forsendum.

Í daglegum störfum ber starfsmönnum Vegagerðarinnar að fara eftir margvíslegum reglum. Stundum þarf þó að meta aðstæður og taka hlutlægar ákvarðanir. Þá er mikilvægt að geta rökstutt það sem gert er og sjálfsagt að leita ráða hjá yfirmönnum eða samstarfsfólki. Öll mikilvæg mál ber að leggja fyrir viðkomandi yfirmann.



Orðrómur um vafasama starfshætti getur komið upp og getur orðið skaðlegur hvort sem hann er sannur eða ekki. Slíkan orðróm ber því að rannsaka eins fljótt og hægt er og ræða bæði við viðkomandi starfsmann og næsta stjórnanda. Niðurstaða skal lögð fyrir vegamálastjóra.

Mikilvægt er að allir starfsmenn vinni sem heild, miðli reynslu og þekkingu sín á milli og stuðli þannig að framförum hver hjá öðrum, bæði sem fagmönnum og einstaklingum. Reynt skal að leysa úr deilum á vinnustað þannig að allir geti vel við unað. Öllum starfsmönnum ber að verja samstarfsfólk fyrir óréttmætri gagnrýni, illu umtali og röngum ásökunum. Allir bera ábyrgð á að móta góðan starfsanda og gott og öruggt starfsumhverfi.

Hollustuskylda - tjáningarfrelsi

Þess er ávallt krafist að starfsfólk sýni vinnuveitanda sínum hollustu. Starfsmanni ber að fylgja fyrirmælum yfirmanns og starfa í samræmi við markmið og samþykktir stjórnar stofnunarinnar. Hverjum og einum er heimilt að hafa sínar eigin skoðanir á einstökum verkefnum og má láta þær í ljós innan stofnunarinnar. Þegar ákvörðun hefur verið tekin ber hins vegar að fylgja henni af hollustu. Þetta á jafnt við um daglega starfsemi og yfirlýsingar við fjölmiðla.

Utan vinnu hafa ríkisstarfsmenn svipaðan rétt og aðrir til að taka þátt í stjórnámálum og tjá skoðanir sínar. Það getur þó í einstaka tilfellum takmarkast af áðurnefndri hollustuskyldu og almenntri þagnarskyldu.

Þagnarskylda

Í þagnarskyldu felst að ekki má gefa óviðkomandi aðilum, hvorki innan né utan Vegagerðarinnar, upplýsingar um málefni sem þagnarskylda gildir um eða nýta þær í annarri starfsemi. Skjöl sem innihalda trúnaðarupplýsingar ber að geyma með tryggum hætti. Þagnarskyldan gildir einnig eftir að fólk hættir störfum hjá stofnuninni.

Umgengni um eigur Vegagerðarinnar

Almennt skal ekki nota húsnæði, tæki eða annan búnað Vegagerðarinnar til annars en starfstengdra verkefna. Sé starfsmönnum leyft að nota húsnæði, tæki eða búnað utan vinnutíma má notkunin ekki trufla rekstur né ógna öryggi.

Vegagerðin skal losa sig við úreltan búnað á sem hagkvæmastan hátt og í samræmi við reglur þar að lútandi. Förgun sorps og spilliefna skal vera samkvæmt lögum og bestu venjum.

Aukastörf

Óski starfsmaður eftir að sinna aukastörfum fyrir annan vinnuveitanda eða stunda sjálfstæðan rekstur í frístundum þarf skriflegt leyfi vegamálastjóra og er leyfið háð því að geta starfsmannsins til að sinna störfum sínum fyrir Vegagerðina skerðist ekki.

Samskipti við viðskiptavini

Vegagerðin leggur áherslu á góða samvinnu við viðskiptavini sína. Gerðar eru strangar kröfur til starfsmanna um hæfi, hlutleysi og málefnalega afstöðu í starfi. Starfsmenn þurfa að gera sér skýra grein fyrir þeim þáttum sem geta haft áhrif á hæfi þeirra og sjá til þess að yfirmönnum sé kunnugt um þá. Reglum um hæfi er ekki aðeins ætlað að tryggja óhlutdrægar ákvarðanir heldur einnig að viðhalda trausti almennings.

Einkaviðskipti við viðskiptavini Vegagerðarinnar

Viðskiptavinir Vegagerðarinnar, birgjar og þjónustuaðilar, sjá sér stundum hag í því að bjóða starfsmönnum Vegagerðarinnar afslátt af vörum og þjónustu. Starfsmönnum Vegagerðarinnar er heimilt að þiggja slík tilboð innan eðlilegra marka, enda standi þau öllum starfsmönnum til boða. Þessi viðskipti mega þó aldrei vera þess eðlis að þau dragi úr hæfi og heilindum starfsmanns eða gefi tilefni til grunsemda um slíkt.

Gjafir og önnur framlög

Starfsmenn Vegagerðarinnar mega ekki taka við gjöfum, þjónustu, umboðslaunum eða öðrum framlögum fyrir sína hönd eða annarra, sem gætu verið álitin eða til þess ætluð að hafa áhrif á starfsemina.

Heimilt er að taka við ódýrum gjöfum eða glaðningi þegar ljóst er að gjöfin getur hvorki haft áhrif á afstöðu eða ákvarðanir þess sem tekur við henni, né að hægt sé að leggja þann skilning í hana. Gjafir ættu að vera ópersónulegar, það er til rekstrareininga en ekki einstaklinga.

Í undantekningartilfellum er heimilt að þiggja boð viðskiptavina Vegagerðarinnar um heimsóknir til fyrirtækja, ferðir á kaupstefnur, sýningar, námskeið eða þess háttar, að því gefnu að samþykki liggja fyrir frá þeim sem hefur umboð til að veita það. Slík þátttaka skal kostuð af Vegagerðinni í samræmi við gildandi reglur. Gengið er út frá því að þátttakan hafi engin einkenni gjafar eða vafi geti leikið á hæfi og trausti þátttakandans. Fáí einhver tilboð eða hótanir í tengslum við störf sín fyrir stofnunina ber viðkomandi að tilkynna það yfirmanni sínum strax. Sé málið alvarlegt ber einnig að kynna það vegamálastjóra.

Góðgerðarstarf

Vegagerðinni er ekki heimilt að veita styrki með því að kaupa auglýsingar, styrktarlinur eða ámóta. Öll útgjöld sem ekki eru skilgreind útgjöld Vegagerðarinnar samkvæmt lögum, ber yfirstjórn að samþykka.